



1. fundur aðalstjórnar Umf. Selfoss

haldinn í Tíbrá miðvikudaginn 15. maí 2019 kl. 20:00.

Mætt eru: Viktor S. Pálsson (VSP) formaður, Sigrún Hreiðarsdóttir (SH), Ingibjörg Garðarsdóttir (IG), Helgi Sigurður Haraldsson (HSH), Einar Sindri Ólafsson (ESÓ) varamaður fyrir Þóri Haraldsson, Birgir Júlíus Sigursteinsson (BJS), Jón Steindór Sveinsson (JSS), Guðmundur Pálsson (GP) og Þórdís Sigurðardóttir (ÞS) varamaður fyrir Ófeig Ágúst Leifsson. Auk þess sátu fundinn Aðalbjörg Skúladóttir (AS) bókarari og Gissur Jónsson (GJ) framkvæmdastjóri sem ritar fundargerð.

Forföll boðuðu: Dýrfinna Sigurjónsdóttir, Hjalti Þorvarðarson og Sverrir Einarsson.

Fjarverandi var: Guðmundur Gústafsson.

1. Fundargerð aðalstjórnar

4. fundargerð aðalstjórnar frá 6. mars 2019 staðfest.

2. Fundargerðir aðalfunda deilda

Fundargerðir aðalfunda allra starfandi deilda félagsins lagðar fram til kynningar. Framkvæmdastjóra falið að birta fundargerðir aðalfunda deilda á heimasíðu félagsins.

3. Fundargerð vallarstjórnar til kynningar

Í fjarveru HB, formanns vallarstjórnar, reifaði HSH helstu verkefni vallarstjórnar. Nokkur umræða varð um framkvæmdir á vellinum í aðdraganda Unglingalandsmóts UMFÍ 2020. IG spurði út í íbúðagáma og JSS útskýrði hugmyndir um aðstöðu til bráðabirgða fyrir notendur á vellinum.

GJ kynnti flokkun sorps í Tíbrá og Selfossvelli en mikilvægt er að allir taki höndum saman í því verkefni. Einnig var því beint til formanna deilda að minna á sameiginlega ábyrgð deilda og einstaklinga á þrifum á aðstöðu félagsins í Tíbrá. Ávallt að skilja við húsnæðið eins og við viljum koma að því.

VSP telur rétt að skoða mögulega hækkun á vallarsamningi vegna aukinna umsvifa á Selfossvelli. Mikilvægt að tölfraeðilegar upplýsingar um nýtingu á vellinum liggi fyrir.

4. Starfsáætlun aðalstjórnar Umf. Selfoss 2019-2020

Staðfest með minniháttar breytingum.

5. Reglugerð um úthlutun á styrk vegna starfsmanna deilda

Engar breytingartillögur voru lagðar fram og reglugerðin því óbreytt.

Þar sem aukið fjármagn hefur komið til reksturs starfsfólks deilda er nauðsynlegt að fara í vinnu við að greina og marka stefnu fyrir starfsemi félagsins, hlutverk og skyldur aðalstjórnar gagnvart deildum og öfugt. Framkvæmdastjórn falið að vinna á haustdögum.

6. Samningar við Sveitarfélagið Árborg

Óskað eftir tillögum frá deildum varðandi mögulegar breytingar á samningum við Sveitarfélagið Árborg fyrir fjárhagsáætlun ársins 2020. Mikilvægt að rökstuddar tillögur berist framkvæmdastjórn sem fyrst.

7. Þjálfararáðstefna Árborgar 2019

Framkvæmdastjóra falið að skipa undirbúningshóp með þátttöku yfirþjálfara deilda.

8. Ritnefnd Braga 2019

Ritnefnd þakkað fyrir glæsilegt ársrit Umf. Selfoss og framkvæmdastjóra falið að óska eftir kröftum Arnar Guðnasonar, Einars Sindra Ólafssonar, Guðmundar Karls Sigurdórssonar og Þóru Þórarinsdóttur við útgáfu á næsta ársriti.

Fundi slitið klukkan 20:47.